

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 201/2012****2013/EES/6/11****frá 26. október 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/709/ESB frá 22. nóvember 2010 um að koma á fót umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir fistölvur <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/331/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ljósgjafa <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír <sup>(6)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 34.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB frá 9. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir einkatölvur <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir smurefni <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu <sup>(10)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 44.
- 11) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/709/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/730/EB <sup>(11)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 53.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 5.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 151, 10.6.2011, bls. 5.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 28.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 293, 22.11.2000, bls. 24.

- 12) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB <sup>(12)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 13) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/200/EB <sup>(13)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 14) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB <sup>(14)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 15) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/331/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/747/EB <sup>(15)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 16) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB <sup>(16)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 17) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB <sup>(17)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 18) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/360/EB <sup>(18)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 19) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/342/EB <sup>(19)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 20) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/344/EB <sup>(20)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 21) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### *I. gr.*

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 2ad (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/730/EB) hljóði svo:  
„**32010 D 0709**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/709/ESB frá 22. nóvember 2010 um að koma á fót umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 53).“
2. Texti liðar 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/200/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0264**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 34).“
3. Texti liðar 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0263**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB frá 28. apríl 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir þvottaefni fyrir uppþvottavélar (Stjtið. ESB L 111, 30.4.2011, bls. 22).“

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 9, 15.1.2003, bls. 11.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 76, 22.3.2003, bls. 25.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 35.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 242, 10.9.2002, bls. 44.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB L 237, 5.9.2002, bls. 6.

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 1.

<sup>(18)</sup> Stjtið. ESB L 118, 5.5.2005, bls. 26.

<sup>(19)</sup> Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 9.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 42.

4. Texti liðar 2o (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/747/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0331**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/331/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ljósgjafa (Stjtið. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 13).“
5. Texti liðar 2q (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0337**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/337/ESB frá 9. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir einkatölvur (Stjtið. ESB L 151, 10.6.2011, bls. 5).“
6. Texti liðar 2r (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/342/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0382**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/382/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir handuppþvottaefni (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 40).“
7. Texti liðar 2s (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0330**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/330/ESB frá 6. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir fistölvur (Stjtið. ESB L 148, 7.6.2011, bls. 5).“
8. Texti liðar 2t (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/344/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0383**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/383/ESB frá 28. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 52), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 44.“
9. Texti liðar 2u (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/360/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0381**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir smurefni (Stjtið. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 28).“
10. Texti liðar 2x (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB) hljóði svo:  
„**32011 D 0333**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/333/ESB frá 7. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir afritunarpappír og grafískan pappír (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 12), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 34.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/709/ESB, 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2011/330/ESB, 2011/331/ESB, 2011/333/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 34, 2011/337/ESB, 2011/381/ESB, 2011/382/ESB og 2011/383/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 44, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2012 frá 26. október 2012 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 6, 24.1.2013, bls. 18.